

- c. Skytt er hundeigenda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- d. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, matvöruverslanir eða staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- e. Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski ekki ró íbúa hreppsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um hreppinn fara, til óþæginda.
- f. Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirætlum, sem heilbrigðisnefnd setur.
- g. Skráðum bændum skal heimilt að halda hunda án gjalds og einnig er leyfilegt að skrá viðurkennda veiðihunda án gjalds.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds. Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll leyfi, telji hún þess þörf.

### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Hofsóshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðis-eftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. janúar 1975.*

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

*Dórunn Klemenzdóttir.*

30. janúar 1975.

Nr. 36.

## SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Stóra-Langadalsár og Setbergsár.

### 1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Stóra-Langadalsár og Setbergsár. Heimili þess og varnarþing er í Skógarstrandarþreppi í Snæfellsnessýslu.

### 2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Stóra-Langadalsá og Setbergsá en þær eru: Narfeyri, Ytra-Leiti, Stóri-Langidalur, Klettakot, Haukabrekka, Klungurbrekka, Litli-Langidalur ytri, Litli-Langidalur fremri, Setberg og Ós.

### 3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangveiða.

Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

## 4. gr.

Félagið starfar í tveimur deildum. Skal önnur deildin vera fyrir Stóra-Langdalsá, en hin deildin fyrir Setbergsá. Skal hvor deild sjá um sérmál sín, hún ráðstafar veiði í sínu umdæmi með þeim takmörkunum, sem aðalfundur félagsins setur.

## 5. gr.

Stjórn hvorrar deildar skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Þeir skulu kosnir á aðalfundum deilda til þriggja ára í senn, fyrir marslök ár hvert. Stjórnarmenn þessir ganga úr stjórn á víxl þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár.

Hvor deild skal hafa skýrslur og greinargerðir tilbúnar þremur vikum fyrir aðalfund félagsins.

## 6. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formenn beggja deilda, og þriðji maður, sem skal kosinn á aðalfundi félagsins, til þriggja ára í senn. Kjósa skal tvo varamenn til tveggja ára í senn og tvo endurskoðendur, einnig til tveggja ára, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

Nú hlýtur stjórnarmaður, varamaður eða endurskoðandi kosningu sem formaður í annarri hvorri deild félagsins, og kys þá aðalfundur nýjan mann í hans stað.

Aðalfundur kys formann félagsins úr hópi stjórnarmanna.

## 7. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

## 8. gr.

Aðalfund skal halda fyrir apríllök ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

## 9. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

## 10. gr.

Aðri af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

## 11. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76, 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 30. janúar 1975.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Ragnheiður Árnadóttir.*

5. febrúar 1975.

Nr. 37.

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Matthildar Sveinsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. febrúar 1975.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Matthildar Sveinsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Matthildar Sveinsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt fyrirætlunum í erfðaskrá Matthildar Sveinsdóttur, Bræðraborgarstíg 55, Reykjavík, dags. 29. febrúar 1972.

3. gr.

Stofnframlag sjóðsins er kr. 100 000.00, er lagt skal fram af eigum dánarbús Matthildar Sveinsdóttur. Söluandvirði íbúðar dánarbúsins að Bræðraborgarstíg 55, Reykjavík skal lagt við höfuðstól sjóðsins, þegar hún verður seld svo og aðrar eigur er kynnu að verða eftir, að loknum endanlegum skiptum dánarbúsins.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í sparisjóði eða banka á Akranesi og þar skal sparisjóðsbókin geymd, eða í rikistryggðum verðbréfum.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja eldri konur, ógiftar eða einstæðar á Akranesi til að geta búið út af fyrir sig, eða til að greiða mismun þann, sem þarf til að geta búið í eins manns herbergi á elliheimili.

Komi það fyrir, að ekki sé þörf fyrir styrkinn handa slíkri konu eða konum, má nota hann til hjálpar blindum, eða lömuðum og fötluðum á Akranesi.

6. gr.

Árlega má nota  $\frac{4}{5}$  hluta vaxta sjóðsins, en  $\frac{1}{5}$  hluti vaxta skal ætíð leggjast við höfuðstól sjóðsins. Sé sjóðurinn ekki það stór, að að gagni megi koma, verður hann að vera óhreyfður á vöxtum, þar til að gagni megi koma.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum: Presti þjóðkirkjunnar á Akranesi (aðalprestinum, ef fleiri eru en einn), Sturlaugi Böðvarssyni, systursyni Matthildar, eða að honum látnum, elsta afkomanda hans, karli eða konu, búsettum á Akranesi, og þriðji aðili skal tilnefndur af þessum tveimur og skal hann vera úr stjórn Kvenfélags Akraness, I. O. G. T. á Akranesi eða öðru líknarfélagi á staðnum. Sjóðstjórnin ákveður hverju sinni úthlutun úr sjóðnum.